



Styrkir vegna nýliðunar kennara

Eftirfarandi skilyrði eiga við um skólaárið 2019-2020

Námsstyrkur til kennaranema vegna vinnu við lokaverkefni

Nemendur á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi geta sótt um námsstyrk vegna 30 ECTS eininga lokaverkefnis. Markmið styrksins er að auðvelda nemendum að sinna lokaverkefnum sínum og skapa hvata til þess að þeir útskrifist með kennsluréttindi á tilsettum tíma. Styrkurinn nemur alls 800.000 kr. og greiðist í tvennu lagi, 400.000 kr. þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi lokið gerð verkefnisáætlunar og seinni hlutinn, 400.000 kr. þegar nemandi hefur skilað lokaverkefni og brautskráðst með kennsluréttindi.

Nemandi sækir um styrk til þess háskóla sem hann stundar nám við. Styrkir eru greiddir út á þriggja mánaða fresti, þ.e. 10. október, 10. janúar, 10. apríl og 10. júlí og greiðir háskóli styrkina inn á bankareikning viðkomandi umsækjanda. Réttur til að sækja um síðari hluta námsstyrksins fellur niður ef kennaranemi útskrifast ekki innan 18 mánaða frá móttöku fyrri hluta styrksins.

Námsstyrkur til kennara sem leggja stund á nám í starfstengdri leiðsögn

Starfandi kennarar sem leggja stund á viðbótarnám á meistarastigi í starfstengdri leiðsögn við Menntavísindasvið Háskóla Íslands eða Kennaradeild Háskólans á Akureyri geta sótt um námsstyrk. Styrkurinn er að hámarki 150.000 kr. og er greiddur út í tveimur hlutum, fyrri hluti styrksins, 75.000 kr. er greiddur út þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi staðist próf á fyrstu námsönninni og seinni hlutinn, 75.000 kr. þegar staðfesting liggur fyrir frá háskóla að nemandi hafi lokið námi og brauðskráðst. Réttur til að sækja um seinni hluta styrksins fellur niður ef kennari útskrifast ekki innan 24 mánaða frá því að hann innritaðist í námið.

Nemandi sækir um námsstyrkinn til þess háskóla þar sem hann stundar námið. Forsenda styrkveitingar er að skólastjóri styðji umsókn viðkomandi kennara í námið. Umsókninni þarf m.a. að fylgja staðfesting skólastjórnanda á að umsækjandi sé starfandi kennari við viðkomandi skóla og að skólastjóri telji mikilvægt að viðkomandi kennari sérhæfi sig í starfstengdri leiðsögn. Lögð er áhersla á jafna dreifingu styrkþega milli skóla og landshluta.